

Landslög – lögfræðistofa  
Viðar Lúðvíksson hrl.  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. október 2018

## Efni: Kvörtun til eftirlitsnefndar um framkvæmd sáttar

### I.

Vísað er til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2017 frá 17. febrúar 2017 um aðgerðir til að styrkja samkeppnisaðstæður á póstmargaði. Ákvörðunin byggði á tvíhliða sátt Samkeppniseftirlitsins og Íslandspóstshf., kt. 701296-6139, (hér eftir „Íslandspóstshf.“) vegna fjölda kvartana sem borist höfðu Samkeppniseftirlitinu vegna starfsemi Íslandspóstshf. Með sáttinni skuldbatt Íslandspóstshf. sig til að gera umtalsverðar breytingar á skipulagi sínu og starfsháttum og miðaði sáttin að því að vinna gegn þeim samkeppnishömlum sem Samkeppniseftirlitið taldi að stöfuðu af stöðu Íslandspóstshf. á póstmargaði og tengdum mörkuðum.

Í grein 9.2 í sáttinni segir um félagaform og fjármögnun dótturfélaga Íslandspóstshf.:

*„Félagaform dótturfélaga Íslandspóstshf. skal vera með þeim hætti að ábyrgð Íslandspóstshf. takmarkist við eiginfjárframlag. Stofnfjármögnun dótturfélags, önnur en eiginfjárframlag, skal vera á kjörum sem eru ekki undir markaðskjörum sem sambærileg fyrirtæki njóta.*

*Íslandspóstshf. er ekki heimilt að leggja nýtt hlutfé til dótturfélags í samkeppnisrekstri í því skyni að fjármagna taprekstur nema sýnt sé fram á með trúverðugri viðskiptaáætlun að hlutfjárfárukingin sé liður í arðbærri uppbyggingu viðkomandi félags, sbr. 2. mgr. 9.4. gr.*

*Íslandspóstshf. er óheimilt að veita dótturfélögum sínum lán á kjörum sem eru undir markaðskjörum sem sambærileg fyrirtæki njóta. Skulu kjör áður veittra lána Íslandspóstshf. til dótturfélaga endurskoðuð með hliðsjón af þessu ákvæði.*

*Íslandspóstshf. skal vera óheimilt að vera í ábyrgð fyrir lánnum sem dótturfélög taka.*

*Óheimilt skal vera að setja eignir Íslandspóstshf. (móðurfélags) eða systurfélaga dótturfélags Íslandspóstshf. að veði fyrir lánnum sem dótturfélag tekur.“*

Á bls. 70 í ákvörðuninni segir um 3. mgr. greinarinnar:

*„Tilgangur þessa ákvæðis er sá að að vinna gegn því að möguleg vildarkjör móðurfélags til samkeppniseininga í dótturfélögum geti falið í sér niðurgreiðslu til samkeppnisstarfsemi.“*

### II.

Félagið ePóstur ehf., kt. 571212-0130, er dótturfélag Íslandspóstshf. sem sinnir rafrænni pósthjónustu. Forstjóri Íslandspóstshf. hefur staðfest opinberlega að kostnaður vegna félagsins sé færður á samkeppnisrekstur utan alþjónustu í bókhaldi samstæðunnar.

Samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 2017 skuldar félagið móðurfélaginu Íslandspóstshf., kr. 283.769.560. Vaxtagjöld félagsins voru samkvæmt sama ársreikningi kr. 5.547 árið


2017. Vaxtagjöldin – séu þau yfirleitt til komin vegna lánsins frá móðurfélaginu - eru í hrópandi ósamræmi við þá vexti sem sambærileg fyrirtæki greiða á lánsfjármarkaði.

Jafnframt má draga í efa að rétt lánsfjárhæð sé færð í ársreikningi ePósts. Á bls. 65 í sáttinni segir að LRAIC-kostnaðarlíkanið innifeli sértækan fastan kostnað sem fallið hafi til við starfrækslu viðkomandi samkeppnisþáttar, þótt hann hafi fallið til í fortíðinni. Að réttu ætti því að reikna vexti vegna ársins 2017 af mun hærri fjárhæð en 283 milljónum, þar sem bæta hefði átt uppsöfnuðum vöxtum við höfuðstólinn.

Um er að ræða skýrt brot á 3. mgr. 9.2 gr. sáttarinnar þar sem fram kemur að Íslandspósti sé óheimilt að veita dótturfélögum sínum lán á kjörum undir markaðskjörum sem sambærileg fyrirtæki njóta. Á það jafnt við um lán sem veitt eru eftir gerð sáttarinnar og þau lán sem veitt voru áður. Þá er augljóst að engin endurskoðun hefur farið fram á þeim kjörum sem Íslandspóstur veittir dótturfélagi sínu, ePósti ehf., áður en sáttin var undirrituð, þvert á fyrirmæli sáttarinnar, sbr. grein 9.2.

Með vísan til framangreinds er þess farið á leit við nefndina að framangreint lán Íslandspósts til ePósts ehf. verði tekið til skoðunar m.t.t. ákvæða sáttarinnar, enda er það hlutverk nefndarinnar að hafa eftirlit með því að sáttinni sé fylgt. Þá er farið fram á að lán Íslandspósts til annarra dótturfélaga sinna verði skoðuð með sama hætti og lagt mat á hvort um fleiri brot á sáttinni sé að ræða.

Virðingarfyllst,  
f.h. Félags atvinnurekenda



Guðný Hjaltadóttir lögfr.